



E 22/2021/holdbart

Fyrirspyrjandi: Anders Kronborg
Til: Ríkisstjórna á Norðurlöndum

Til ríkisstjórna á Norðurlöndum

**Skrifleg fyrirspurn
um niðurgröft rafmagnslína í jörð (háspennu)**

Hinn 8. september 2019 beindi ég eftirfarandi fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar: Skrifleg fyrirspurn um framþróun grænu umskiptanna ([E17/2019](#)).

Fyrirspurnin varðaði meðal annars niðurgröft háspennukapla.

Ég hef nú í hyggju að fylgja þessari fyrirspurn eftir.

Í ljósi framangreinds er eftirfarandi fyrirspurn borin fram:

- Hafa ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum, síðan ég bar fram fyrirspurn mína og henni var svarað, fengið rannsóknarniðurstöður eða breytt verklagi sem gerir að verkum: Að talið sé unnt að taka til við að grafa fleiri háspennukapla í jörð?
- Hafa norrænu ríkin, síðan ég bar fram fyrirspurn mína, unnið að frekari línulögn þannig að komist verði hjá möstrum og sýnilegum háspennulínum í landslaginu?

Esbjergi hinn 8. október 2021

Anders Kronborg (S)